



Umboðsmaður Alþingis
Templarasundi 5
101 Reykjavík

DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsögötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@dmr.is dmr.is

Reykjavík 27. apríl 2022
Tilv.: DMR21110036/0.14.6

Með bréfi, dags. 3. nóvember 2021, sendi umboðsmaður Alþingis skýrslu vegna heimsóknar á Öryggisdeild Fangelsisins Litla-Hrauni, á grundvelli OPCAT-eftirlits, dagana 28. til 29. janúar 2021.

Í skýrslunni er ábending til dómsmálaráðherra þess efnis að kanna hvort ástæða sé til að hafa frumvæði að því að vistun fanga á Öryggisdeild verði búin ítarlegri umgjörð í lögum. Dómsmálaráðuneytið hefur farið yfir þessar athugasemdir umboðsmanns og mun taka þær til skoðunar, ásamt fleiri atriðum, við næstu endurskoðun laga nr. 15/2016 um fullnustu refsinga.

Í skýrslunni eru jafnframt tilmæli til dómsmálaráðherra, Fangelsismálfögnunar og Fangelsisins Litla-Hrauns um að leitast við að tryggja öryggi fanga og starfsfólks á Öryggisdeild, þ. á m. við val á innréttingum, við fyrirhugaðar endurbætur á fangelsinu en að jafnframt verði haft í huga að aðbúnaður verði vistlegur og til þess fallinn að endurspeglar markmið laga um betrun fanga. Einnig að tekið verði til skoðunar hvort unnt sé að ráðast í viðaminni endurbætur sem fyrst, s.s. á útisvæði. Fangelsisyfirvöld hafa þegar tekið undir þessi atriði. Bent er á að farið verður í umfangsmiklar breytingar á Litla-Hrauni á næstu tveimur árum. Gefst þá tækifæri til að vanda vel til verka. Þegar hefur verið ákveðið að sérstakt útisvæði verði útbúið fyrir þá sem dvelja á Öryggisdeildinni. Nú þegar er verið að taka tvær deildir í gegn í fangelsinu og gera þær vistlegri og stefnt er að því að hefja framkvæmdir við húsnæðið við Öryggisganginn í framhaldinu.

Beðist er velvirðingar á því að dregist hefur að svara erindi þessu vegna anna í ráðuneytinu.

Fyrir hönd ráðherra


Ragna Bjarnadóttir


Svana Margrét Davíðsdóttir